

B.4 - Fráveitur



ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

B.4 - Fráveitur

Inngangur

- Núverandi staða fráveitumála hér á landi er sú að Íslendingar eiga langt í land með að innleiða skólphreinsun í samræmi við þær skuldbindingar sem ríkið hefur undirgengist vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.
- Samkvæmt stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um fráveitumál frá 2017 (byggð á gögnum frá 2014) bjuggu um 74% íbúa við einhvers konar skólphreinsun árið 2014.
 - Vísbendingar eru um að skólphreinsun sem komin er uppfylli í sumum tilvikum ekki þær kröfur sem gerðar eru til hennar.
 - Skólphreinsun frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun 798/1999.
 - Uppbygging víða annars staðar á landinu hefur gengið hægt. Hreinsun skortir á öllum stærri fráveitum (með yfir 2.000 persónueiningar) í þéttbýli á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.
- Í skýrslu Samtaka iðnaðarins um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi fá fráveitur einkunnina 2 af 5 mögulegum en umfjöllun þeirrar skýrslu tók til allra fráveitumannvirkja, t.d. bæði lagnakerfa, hreinsivirkja og dælu- og hreinsistöðvar.
 - Endurstofnvirði fráveitna var í skýrslu Samtaka iðnaðarins metið 170-220 milljarðar króna og uppsöfnuð viðhaldspörf 50-80 milljarðar króna.
- Í verkefni þessu er eingöngu horft til stöðu skólphreinsunar á landinu en ástand lagnakerfis og annarra mannvirkja sem teljast sem hluti af fráveitum eru ekki til skoðunar.
- Fráveituhreinsun náttúru- og ferðamannastaða er ekki hluti af þessari greiningu en lagt er til að mati á ástandi fráveituhreinsunar á náttúrustöðum verði bætt við matskerfi Umhverfisstofnunar sem notast er við á friðlýstum svæðum í dag (sjá nánar kafla B.6 – Náttúrustaðir).



B.4 - Fráveitur

Inngangur

- Vísnum fyrir fráveitur er ætlað að mæla hversu hátt hlutfall skólps frá þéttbýlisstöðum landsins sé hreinsað samkvæmt kröfum reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999, og hvort viðkomandi hreinsikerfi anni auknu álagi á háannatíma þegar fjöldi ferðamanna á landinu er mestur.
- Til að meta ástand fráveituhreinsunar í þéttbýlisstöðum er stuðst við skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand fráveitumála á Íslandi 2014 (útgefin 2017) auk upplýsinga ráðgjafa um breytingar sem hafa átt sér stað á ástandi fráveitumála frá 2014-2018.
- Til að reikna út aukinn fjölda persónueininga sem losaður er í viðtaka hvers þéttbýlis vegna fjölda ferðamanna á háannatíma er notast við eftirfarandi gögn:
 - Upplýsingar um fjölda ferðamanna, gögn frá Ferðamálastofu.
 - Dreifing ferðamanna á landssvæði, gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda gistinátta á landssvæðum nýtt til að reikna út dreifingu.
 - Við útreikninga á sviðsmyndum er stuðst við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.
- Þolmörk eru ákveðin út frá mati sérfræðinga þar sem metið er hve hátt hlutfall óhreinsaðs skólps geti talist ásættanlegt fyrir umhverfið.




B.4 - Fráveitur

Vísir	B.4 Hlutfall hreinsaðs skólps
Lýsing vísis	Mælikvarði á það hvort hreinsun uppfylli reglugerð og hvort fráveituhreinsun anni auknu álagi vegna fjölda ferðamanna á háannatíma.
Uppruni gagna	Ástandsmat Umhverfisstofnunar á fráveituhreinsun, upplýsingar um fjölda ferðamanna frá Ferðamálastofu, upplýsingar um dreifingu ferðamanna frá Hagstofu Íslands, mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.
Eining vísis	Hlutfall skólplosunar landsins þar sem hreinsun uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
Undir þolmörkum	95-100% skólplosunar landsins uppfyllir kröfur reglugerðar
Farið að nálgast þolmörk	80-94% skólplosunar landsins uppfyllir kröfur reglugerðar
Yfir þolmörkum	0-79% skólplosunar landsins uppfyllir kröfur reglugerðar
Þolmörk og rök fyrir þeim	Þolmörk ákveðin út frá mati sérfræðinga.
Viðbótarupplýsingar (sjá viðauka)	Ástand fráveitumála á náttúru- og ferðamannastöðum er ekki hluti af þessari greiningu.

B.4 - Fráveitur

Núverandi ástand




Niðurstöður

- Niðurstöður fyrir landið í heild sýna að núverandi ástand fráveituhreinsunar er yfir þolmörkum.
- Meiri hluti þess skólps sem hreinsað er skv. reglugerð um fráveitur og skólps er frá höfuðborgarsvæðinu.
- Víða um land, utan höfuðborgarsvæðisins, uppfyllir fráveituhreinsun ekki kröfur reglugerðar, þar með talið þar sem viðtaki er skilgreindur sem viðkvæmur skv. sérlögum.
- Á stöðum þar sem fráveituhreinsun er ekki til staðar er álag á viðtaka aukið með vaxandi fjölda ferðamanna.
- Viðkomandi greining byggir á því hvort hreinsun uppfylli kröfur reglugerðar.
 - Ekki er hægt að meta áhrif vegna fjölgunar ferðamanna á skólpsviðtaka þar sem langvarandi rannsóknir skortir á ástandi þeirra flestra.
- Lagt er til að fylgst verði með ástandi skólpsviðtaka á landinu í takt við aukinn fjölda ferðamanna til að unnt sé að rannsaka hvort samband sé á milli aukinnar skólpslosunar og breytinga í viðtaka.

B.4 - Fráveitur

Sviðsmyndir 2% og 5% vöxtur til 2030




Niðurstöður

- Eftirfarandi gögn og forsendur liggja að baki útreikninga fyrir sviðsmyndir 1 og 2:
 - Mannfjöldaspá Hagstofunnar árið 2030
 - Árleg fjölgun ferðamanna 2% (sviðsmynd 1) og 5% (sviðsmynd 2)
 - Dreifing ferðamanna milli landshluta árið 2030 er sú sama og í dag
 - Staða fráveituhreinsunar í þéttbýli er óbreytt árið 2030 frá 2018
- Niðurstöður sviðsmyndar 1 sýnir að hlutfall óhreinsaðs skólps árið 2030 verður nánast það sama og árið 2018, en hlutfallið mun hækka við 5% fjölgun ferðamanna. Ástæðan er sú að um hlutfallsútreikning er að ræða þar sem fjölgun íbúa og ferðamanna verður mest á höfuðborgarsvæðinu en þar uppfyllir fráveituhreinsun kröfur reglugerðar. Fjöldi persónueininga sem losaðir eru í viðtaka þar sem engin hreinsun er til staðar mun þó aukast í takt við aukinn fjölda ferðamanna, við óbreytt ástand fráveituhreinsunar.
- Hönnun, skipulag og framkvæmdir á sviði fráveituhreinsunar í nokkrum af stærri þéttbýlisstöðum er þegar hafin. Framkvæmdum verður líklega lokið árið 2030.
 - Við lok umræddra framkvæmda verður ástand fráveituhreinsunar í flokknum “Farið að nálgast þolmörk” .
 - Ekki er talið raunhæft að hægt verði að ná undir þolmörk fyrir 2030.

B.4 - Fráveitur

Núverandi staða og sviðsmyndir

Hlutfall hreinsaðs skólps



Núverandi

2% vöxtur

5% vöxtur

Túlkun, tímarammi og kostnaður

- Ástand fráveitumála er yfir þolmörkum í dag.
- Niðurstöður sviðsmynda sýna að ástandið mun versna í takt við aukinn fjölda ferðamanna og íbúafjölgun við óbreytt ástand fráveituhreinsunar.
- Þeim fráveituverkefnum sem eru á skipulags-, hönnunar- eða framkvæmdastigi í dag mun líklega ljúka fyrir 2030. Við lok þeirra framkvæmda yrði ástand fráveituhreinsunar komið upp í næsta flokk, “Farið að nálgast þolmörk”
 - Kostnaður við umræddar framkvæmdir er 5-8 milljarðar
- Til að komast undir þolmörk árið 2030 yrði kostnaður eftirfarandi:
 - 2% fjölgun: 10-11 milljarðar
 - 5% fjölgun: 11-12 milljarðar
 - Án fjölgunar ferðamanna: 8-9 milljarðar
- Tímarammi stakra fráveituverkefna, að skipulags- og hönnunarferli meðtöldu, er um 5-6 ár.
- Í þessari greiningu er ekki horft til fráveitumála á náttúru- og ferðamannastöðum en fráveitumál þar uppfylla víða ekki kröfur reglugerðar, í sumum tilfellum sökum fjölgunar ferðamanna.